

8.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 18.ágúst 2021, kl. 14:00. Fundurinn er haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru til fundar; Björn G. Torfason Melum 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík, Úlfar Eyjólfsson 1.varam.Krossnesi og Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði sem er í símasambandi.

Kristjana M. Sv. Ásbjörnsdóttir ritar fundargerð.

Oddviti óskar heimildar til að leggja fram nokkur erindi sem borist hafa eftir að boðið var til fundarins. Var það samþykkt og verða þau mál tekin fyrir sem liðir 10, 11, 12, 13 og 14.

Dagskrá fundarins;

1. Tölvupóstur frá Samb.ísl.sveitarfél.varðandi lög tengd málefnum sveitarfélaga varðandi viðbrögð vegna kórónuveirufaraldurs og svar oddviti lagt fram til kynningar. Bréf frá Sambandi ísl.sveitarfél. einnig lagt fram til kynningar.
2. Ráðstafanir vegna þurrka og þ.a.l. vatnsskorts. Heimild til kaupa á rorum sem hægt væri að leggja úr öðrum lækjum að vatnsbóli, ef sú staða kemur upp.
3. Útleiga á íbúðum hreppsins til lengri og skemmri tíma.
4. Bílskúrin við skólann, taka ákvarðanir um fyrstu skref. Ályktun hreppsnefndar varðandi deiliskipulag á ákveðnum stöðum.
5. Bréf sent ráðuneytum vegna skýrslu um stöðu Árneshrepps, tölvupóstur frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, lögð fram til kynningar og umræðu/ákvarðanatöku.
6. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, næstu skref varðand brunavarnir. Taka með bréf frá HMS frá síðasta fundi.
7. Íbúafundur 11.ágúst 2021 haldinn í Félagsheimilinu á vegum Verkefnisstjórnar Áfram Árneshreppur. Fundargerð og punktar úr umræðuhópum lögð fram til umræðu.
8. Fjallskilaseðill, gengið frá hvernig leitum verður háttað.
9. Baskasetur Íslands, lagt fram til kynningar og umræðu.
10. Bréf frá Dómsmálaráðuneytinu varðandi Alþingiskosningar lagt fram til kynningar.
11. Bréf frá Þjóðskrá varðandi kjörskrá fyrir Alþingiskosningar lagt fram til kynningar.
12. Fundargerð Byggingarnefndar Árneshrepps frá 7.júlí s.l. lögð fram til umræðu og samþykktar.
13. Vigtarmál vegna Norðurfjarðarhafnar.

1. Tölvupóstur frá Samb.ísl.sveitarfél.varðandi lög tengd málefnum sveitarfélaga varðandi

viðbrögð vegna kórónuveirufaraldurs og svar oddviti lagt fram til kynningar. Bréf frá Sambandi ísl.sveitarfél. einnig lagt fram til kynningar. Hreppsnefnd telur að svar oddviti varðandi dráttarvexti á fasteignaskatta sent Samg.og sveitarstjórnarráðun. gildi einnig um erindi varðandi lækkun eða niðurfellingu dráttarvaxta á fasteignaskatt af atvinnuhúsnæði. Oddviti mun senda viðeigandi svör til Sambandi ísl.sveitarfélaga.

253.

1. Ráðstafanir vegna þurrka og þ.a.l. vatnsskorts. Heimild til kaupa á rörum sem hægt væri að leggja úr öðrum lækjum að vatnsbóli, ef sú staða kemur upp. Samþykkt að kanna verð og hvaða lengd þarf að kaupa. Oddviti ræðir þetta við Jón Gunnsteinsson.
2. Útleiga á íbúðum hreppsins til lengri og skemmri tíma. Nokkrar ákvarðanir voru teknar varðandi útleigu og hvernig leyfa megi önnur.
3. Bílskúrin við skólann, taka ákvarðanir um fyrstu skref. Teikningarnar af bílskúrnum við skólann skoðaðar og ákveðið að tala við teiknarann. Hreppsnefnd mun vera í sambandi við landeigendur og leggja jafnvel drög að deiliskipulag á ákveðnum stöðum í samvinnu við þá.
4. Bréf sent ráðuneytum vegna skýrslu um stöðu Árneshrepps, tölvupóstur frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, lögð fram til kynningar og umræðu/ákvarðanatöku. Hreppsnefnd álitur að skoða þurfi málið enn frekar og afla meiri upplýsinga en gefist hefur tími til að gera.
5. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, næstu skref varðandi brunavarnir. Taka með bréf frá HMS frá síðasta fundi. Ákveðið var að halda fund með fulltrúa HMS í næstu viku, eftir nánara samkomulagi.
6. Íbúafundur 11. ágúst 2021 haldinn í Félagsheimilinu á vegum Verkefnisstjórnar Áfram Árneshreppur. Fundargerð og punktar úr umræðuhópum lögð fram til umræðu. Hreppsnefnd er almennt ánægð með fundinn og fundargerð verður send á öll heimili í sveitinni.
7. Fjallskilaseðill, gengið frá hvernig leitum verður háttað. Seðill skoðaður og fáeinum atriðum breytt.
8. Baskasetur Íslands, lagt fram til kynningar og umræðu. Oddviti kynnti þetta fyrir hreppsnefnd og þeim list vel á.
9. Bréf frá Dómsmálaráðuneytinu varðandi Alþingiskosningar lagt fram til kynningar.
10. Bréf frá Þjóðskrá varðandi kjörskrá fyrir Alþingiskosningar lagt fram til kynningar.
11. Fundargerð Byggingarnefndar Árneshrepps frá 7.júlí s.l. lögð fram til umræðu og samþykktar. Samþykkt samhljóða og óbreytt af hreppsnefnd.
12. Vigtarmál vegna Norðurfjarðarhafnar. Frá og með næstu mánaðarmótum vantar

vigtarmann og hreppsnefnd mun leita leiða til að leysa það mál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.16:15.